

Stjórnarfundur 2. Júní 2021

Teams

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Bjarki Þór Kjartansson
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Forgangur félagsmanna með keppnisrétt í félagi til skápaleigu
2. Efni leigusamnings fyrir skápaleigu
3. Lykla aðgangur félagsmanna sem fært hafa keppnisrétt til annars félags
4. Niðurstaða fundar með lögmanni vegna málaferla
5. Fastsetja fyrirkomulag um æfingatímabil
6. Fastir liðir:
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
7. Önnur Mál

1. Niðurstaða fundar með lögmanni vegna málaferla

Fyrsta júnísíðastliðinn klukkan 12:30 hittu meðlimir stjórnar lögmann félagsins og eftir miklar umræður lítur út fyrir að það borgi sig ekki að áfrýja úrskurði, en stjórnin ætlar að ráðfæra sig vin annan lögfræðing vegna málsins.

Niðurstaða stjórnar er einnig að það þarf að setja upp ferla sem tengjast viðbrögðum við brotum á öryggisreglum, og er stjórnin að vinna í því að setja upp ferla og skerpa á öryggisreglum félagsins.

2. Efni leigusamnings fyrir skápaleigu

Stjórn ræddi aðeins hvað ætti að koma fram í leigusamningi fyrir skápaleigu, eins og að skápurinn sé eign félagsins og stjórn félagsins áskilur sér rétt til þess að fara inn í skáp félagsmanna ef það er nauðsynlegt vegna framkvæmda. Stjórn mun setja saman verkferla tengda þessu fyrir næstu endurnýjun skápaleigu.

3. Fastir Liðir

Engar D-Leyfis umsóknir eru í vinnslu eins og er.

Sigurður fékk loksins svör í sambandi við þjálfara nám, en STÍ benti á að það hafi engin breyting átt sér stað á þjálfaramálum ISSF og að það vonandi skýrist á næstu mánuðum. Samkvæmt vef ISSF (<https://www.issf-sports.org/theissf/education.ashx>) er skjal sem hægt er að nálgast um breytingar á námi frá 2020. (<https://www.issf-sports.org/getfile.aspx?mod=docf&pane=1&inst=484&file=Education-Reform-plan.pdf>). Sigurður ætlar að óska frekari svara.

Engar staðfestar fréttir eru af húsnæðis framkvæmdum og hvenær þær eiga að hefjast. Stjórn ætlar að óska eftir því að allar eigur félagsmanna sem ekki eru í læsta herberginu séu sóttar sem fyrst vegna framkvæmdanna.

4. Önnur mál

Stjórn ætlar að skoða það að tala við ÍSÍ um að getað vísað iðkendum út af æfingu t.d. vegna annárlegs ástands.

Stjórn ræddi lauslega lykla og skápmál félagsmanna og stefnir á að skerpa reglur þar á bakvið fyrir næsta keppnistímabil, til dæmis að félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjald félagsins missi rétt sinn. Stjórn ætlar að skerpa á reglum fyrir lykla og skápa fyrir næsta tímabil.

Stjórn ræddi það að fastsetja æfingatímabil félagsins og stefnir á að taka þetta upp á fundi með skotstjórum fyrir byrjun næsta keppnis tímabils.

Stungið var upp á að halda fræðslufund þar sem rætt verður þau mál sem eru í gangi hjá félaginu, bæði í framkvæmdum húsnæðis, niðurstöðu dómsmáls og félagið í fjölmiðlum, jafnvel ræða framtíð félagsins og undirbúning fyrir komandi keppnistímabil.

Rifjað var upp ákvörðun félagsins um að ráða inn þjálfara tímabundið inn í félagið og ætlar stjórnin að fara að leita leiða til þess að finna þjálfara til þess.